



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að sameinuð frístundamiðstöð fái nafnið Brúin**

Lagt er til að sameinuð frístundamiðstöð Ársels og Gufunesbæjar fái nafnið Brúin í samræmi við niðurstöður nafnanefndar.

**Greinargerð:**

Á fundi velferðaráðs og skóla- og frístundaráðs 8. júní 2021 var samþykkt að fækka borgarhlutum úr fimm í fjóra í Reykjavík og samhliða því var ákveðið að sameina frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbæ í eina frístundamiðstöð frá og með áramótum 2021 til 2022. Þetta þýddi að frá og með áramótum 2021 – 2022 varð til ein frístundamiðstöð starfrækt fyrir Ártúnsholt, Árbæ, Norðlingaholt, Grafarholt, Úlfársárdal og Grafarvog. Nýja frístundamiðstöðin tók því til starfa nú um áramótin og mun miðstöðin bera ábyrgð og reka starfsemi 10 frístundaheimila og 9 félagsmiðstöðva í borgarhlutanum auk starfsemi útilífssviðs í Gufunesbæ sem heldur utan um starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms, skíðabrekka í borginni og frístundagarðisins við Gufunesbæ. Alls eru því tuttugu starfseiningar sem munu heyra undir frístundamiðstöðina með um 250 starfsmenn staðsetta víðsvegar um borgarhlutann.

Í desember 2021 var sett á fót nafnanefnd skipuð fulltrúum starfsmanna í sameinaðri frístundamiðstöð. Óskað var eftir hugmyndum frá starfsfólki sameinaðrar frístundamiðstöðvar þar sem yfir 40 hugmyndir bárust. Nafnanefndin ákvað að leggja upp með að halda í einhver kennileiti innan borgarhlutans líkt og gert er með aðrar frístundamiðstöðvar í borginni, Tjörnina, Kringlumýri og Miðberg. Með hliðsjón af þessum áherslum fór nafnanefndin yfir allar tillögur. Eftir að hafa farið yfir öll nöfnin stóðu tvö nöfn uppúr sem starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar kaus síðan um. Nöfnin voru:

**Frístundamiðstöðin Tanginn:** Frístundamiðstöðin Tanginn (kk orð) - vísar til tanga sem staðsettir eru við strandlengju sem tilheyrir borgarhlutanum. Þar eru m.a. Naustatangi og Litli tangi. Tangi er einnig með skyld heiti við nes, odda, eyjar og víkur sem tengist einnig staðháttum og strandlengju borgarhlutans.

**Frístundamiðstöðin Brúin:** Frístundamiðstöðin Brúin (kvk orð) vísar í brýrnar sem tengja hverfin í borgarhlutanum. Brýr eins og Gullinbrú, Höfðabakkabrúin, og brúin sem tengir Grafarvog og Grafarholt /Úlfársdal saman. Brúin brúar einnig bilið á milli aldurshópa, skólastiga og samþættir okkur í starfi við leik- og grunnskóla og hinu ýmsu íþróttá- og félagsamtök í borgarhlutanum.

Niðurstaða könnunarinnar var frístundamiðstöðin **Brúin** og var sú niðurstaða kynnt fyrir starfsfólki á sameiginlegum starfsmannafjarfundi þann 12. janúar 2022.